

Hafnarfjörður, 1.2. 2018

### **Efni: Umferðaröryggi við suðurenda Strandgötunnar**

Við undirrituð viljum með þessu erindi ítreka kröfur um úrbætur á aðgengi og gönguleiðum fyrir vegfarendur á svæðinu frá Strandgötu 75 (Drafnarhúsinu) að Strandgötu 90 (Íshúsi Hafnarfjarðar).

Mikil og blómleg uppbygging hefur orðið á þessu svæði síðustu misseri með tilheyrandi umferð gangandi vegfarenda og ökutækja. Flæði fólks yfir Strandgötuna hefur stórauðist frá því sem áður var, frá miðbænum og Drafnarhúsinu yfir á hafnarsvæðið. Ekki síst er umferð barna og unglunga mikil vegna starfsemi Siglingaklúbbsins Þyts. Starfsemi Íshússins dregur ennfremur að gesti sem oftast en ekki sækja Drafnarhúsið heim fyrir eða eftir heimsóknir.

Skilgreint aðgengi gangandi vegfarenda að Flensborgarhöfn er ekki til staðar og eins og vitað er nær strandstígurinn ekki að hafnarsvæðinu. Bílaumferð um Strandgötuna á þessum vegkafla er bæði þung og afar hröð og þykir okkur mjög brýnt að komið verði sem allra fyrst fyrir gangbraut yfir götuna. Að okkar mati færi vel á að koma gangbrautinni fyrir á kaflanum frá Mýrargötu að malarveginum sem liggur niður með Íshúsinu að Siglingaklúbbsinum og hafnarsvæðinu. Einnig þætti okkur ekki úr vegi að nýta malarlóð Hafnarfjarðarbæjar við hlið Íshússins sem bílastæði fyrir svæðið allt amk á meðan annað er ekki ákveðið og fá svokallað P skilti við innkeyrsluna.

Samkeppni um framtíðarskipulag er nú í gangi og viljum við í lokin koma þeirri skoðun okkar á framfæri að okkur þykir afar brýnt að gengið verði í málið sem allra fyrst, tíminn leyfir ekki bið eftir ákvörðunum um framtíðarskipulag.

Virðingarfyllt

Anna María Karlsdóttir - Íshúsi Hafnarfjarðar

Ingvar Guðmundsson - Dyr ehf og eigandi Strandgötu 75

Gunnar Freyr Gunnarsson - formaður Siglingaklúbbsins Þyt

Ása S. Þórisdóttir - framkvæmdastjóri Markaðsstofu  
Hafnarfjarðar